

indislega sinnað enn á öðrum stöðum á landinu okkar. Eg átti tal við marga bændur í sýslunni um aðflutningsbannið og voru flestir þeirra ákveðnir aðflutningsbannsmenn. Eg hefi bestu vonir um að fjórða st. verði stofnuð í sýslunni á komandi hausti, og gerði eg ráðstöfun til þess, að svo miklu leyti sem hægt var. — Fyrir mín um þessa sýslu var mér hin ánægjulegasta, eg mætti alstaðir mikilli greiðvikni og góðlátri framkomu sýslubúa.

*Sigurður Eiríksson.*

## Nýar stúkur.

Sunnudaginn 12. Ágúst 1906 stofnaði eg góðtemplarsstúku á Staðarbakka í Húnavatnssýslu. Stofnendur 19. Stúkan heitir „**Baldursbrá**“ og er nr. 123. Embættismenn kosnir og skipaðir þessir:

- æ. t. Rögnvaldur H. Lindal búfr. og bóndi, Litlulungu.
- v. t. Sigríður Sigfúsdóttir ungfrú, Króksstöðum.
- r. Halldór Jóhannsson yngism., Haugi.
- fj.r. Margrét Eiríksdóttir ungfrú, Sveðjustöðum.
- g. Helgi Guðmundsson bóndi, Tjarnarkoti.
- d. Þórbjörg Ásmundsdóttir ungfrú, Brekkulæk.
- kap. Séra Eyólfur Kolbeins, Staðarbakka.
- v. Friðrik Ásmundsson yngism., Brekkulæk.
- ú.v. Bjarni Ásmundsson yngism., Brekkulæk.
- a. r. Magnús F. Jónsson yngism., Torfastöðum.
- a. d. Jónína Sigfúsdóttir ungfrú, Króksstöðum.
- f. æ. t. Guðrún Bjarnadóttir ljósmóðir, Litlulungu.
- g. u. t. Frú Þórey Kolbeins, Staðarbakka.

Sem umboðsmanni stórtemplars var mælt með kenslukonu ungfrú Margrétu Eiríksdóttir. Þess má vænta, að st. »Baldursbrá« eigi góða framtíð. Flestir af stofnendunum eru og hafa verið eindregnir bindindisvinir, og ætla nú, ef mögulegt verður, að byggja sér fundarhús á komandi hausti. Að stúkur hafi gott húsnæði er eitt af aðal-skilyrðum, að þær geti lifað og starfað. Stúkan mun eiga nálægt eitt hundrað krónur, og er það að visu ekki stór sjóður til húsbýggingar, en þetta húsbýggingar málefni á sannarlega góða menn að, svo sem Rögnvald H. Lindal búfr. og séra Eyólf Kolbeins og margá fleiri af meðlimum stúkunnar.

Eg undirritaður stofnaði 16. Ágúst 1906 góðtemplarastúku á Hvammstanga í Húnavatnssýslu. Stofnendur 12. Stúkan hlaut nafnið »**Sunna**« nr. 124. Í embætti kosnir og skipaðir:

- æ. t. Björn P. Blöndal verslunarm., Hvammstanga.
- v. t. Vigdís Jónsdóttir húsfreyja, Helguhvammi.
- r. Sophus A. Blöndal verslunarm., Hvammstanga.
- fj.r. Baldvin Eggertsson bóndi, Helguhvammi.
- g. Valdimar Fr. Baldvinsson búfr., Helguhvammi.
- d. Þórbjörg Magnúsdóttir, Hvammstanga.
- kap. Ísólfur Þórsteinn Sumarliðason, Ytri-Völlum.
- v. Kristín Árnadóttir, Hvammstanga.
- ú.v. Jón Guðmannsson, Kárastöðum.

a. r. Stefán Sveinsson verslunarm., Hvammstanga.

a. d. Kristjana Blöndal, Hvammstanga.

f. æ. t. Björg Árnadóttir húsfreyja, Syðri-Völlum.

Sem umboðsmanni stórtemplars var mælt með Stefáni Sveinssyni verslunarmanni.

Þótt verslanir á Hvammstanga selji ekki áfenga drykki, þá er það almæli, að þangað sé flutt talsvert af áfengi, fleiri tunnur á ári. Má því nærri geta, að einstaklingurinn þar í grendinni líði við það sem annarstaðar, þar sem það er veitt, og á hvern hátt sem það er nú af hendi látið. Er það því vel farið, að stúka er stofnuð á Hvammstanga, og það með fólki, sem mun gera sér far um, að bjarga meðbræðrum sínum frá brennivins-ógæfunni. Alstaðar eru góðtemplarastúkur nauðsynlegar, en ekki síst í kaupstöðunum, enda eru blessaðar góðtemplarastúkur í flestum kaupstöðum umhverfis landið okkar. Baldvin Eggertsson bóndi í Helguhvammi lét sér ant um, að eg kæmi stúkunni á stofn, og má Reglan áreiðanlega vænta góðs af starfsemi hans í framtíðinni. Mér leist mjög vel á umboðsmanninn. Hann er rúmra 20 ára að aldri, stíllur og gætinn og mjög vel að sér og talinn mesta góðmenni. Mun hann því laða að sér jafnaldra sína, og fleiri til að starfa með sér í stúkunni sinni.

*Sigurður Eiríksson.*

## Drykkjuskapurinn í Rússlandi.

Það eru nýlega komnar út hagfræðislegar skýrslur yfir drykkjuskapinn í höfuðborg Rússa, Pétursborg, og það er óskemtillegt að lesa þær. Þær bera þess ljós vitni með hvíliku veldi drykkjuskapurinn ríkir þar.

Pétursborg er þó með betri bæum á Rússlandi í þessu tilliti, það kemur af því, að gæzla og regla er þar meiri en annarsstaðar, og svo af því, að þar búa menn af öllum þjóðflokkum. Aftur í þorpum þeim, þar sem Rússar búa einir, er fátæktin enn meiri og drykkjuskapurinn enn óhemjulegri. Samt sem áður er það, að í Pétursborg verða árlega 200 menn bráðkvaddir sökum drykkjuskapar, eða með öðrum orðum að 35—38% af öllum bráðum dauða stafa beint af áfengi. Svo bætist þar við, að 300 menn deya árlega af langvarandi vineitrun eða mánaðadrykkju. Þeir verða vitlausir af vindrykkjunni.

En hvað eru þessar tölur móts við það, sem lögregluþjónarnir hirða á förnum vegi, og draga með sér á lögreglustöðvarnar til þess að sofa úr sér vímunu. Þeir eru nú ekki færri en 55000 árlega eða 23. hver íbúi borgarinnar, en í Berlín er það 1 af hverjum 315 íbúum.

Og að miklu leyti er þetta ríkinu að kenna. Það hefir vínverslunina — einkarétt á henni.

Rússneski lýðurinn er, eins og kunnugt er, mjög aumur og fátækur, en þegar verkfall er, þá er hann í enn þéttari hópum

en ella fyrir framan krárnar, og vesöldin dregur ekkert úr því.

Við og við sést það í blöðunum, að ráðist hefir verið á útsölustaðina og þeir jafnadir að grunni. En það er ekki af bindindishug að það er gjört, heldur af því, að óþjóðalýðurinn er reiður við brennivins-einokunina, sem hefir gjört staup verka-mannsins dýrara.

Það er því eigi svo sjaldgæft, að bæir í Mið- og Austur-Rússlandi hafa beðið stjórnina um leyfi til þess, að loka króunum, því þær væru orsök að morð- og rán-sýki meðal fólksins. En stjórnin neitar því vanalega. Hún fær peningana og án þeirra getur hún ekki verið.

Sérfræðingar segja að drykkjuskapur Rússa hafi haft gríðar áhrif á úrslit stríðs þeirra við Japana. Og sömu áhrifin kváðu koma í ljós nú í uppreisninni.

Þannig segir þýskur læknir að nokkuð af byltingartilraununum sé ekki annað en vitfíring er stafi af áfengisnautn. Einkum er svo að sjá, sem eigi sé unt að útskyra á annan hátt uppreisnina á Svartahafs-flotanum.

Þær voru að miklu leyti ráðstöfunarlausar og meiningarlausar. Annað veifið féllu dátarnir á kné fyrir foringjum skipsins og fullvissuðu þá með mestu auðmykt um yðrun sína og undirgefni, en hitt veifið réðust þeir á þá, eins og hungraðir úlfar, og annaðhvort drápu þá eða lokuðu þá inni.

Í stríðinu við Japana urðu margir vitlausir í liði Rússa.

Í bardaganum við Yalu urðu þannig í einni herdeild 15 yfirforingjar vitskertir.

Það er enginn efi á því, að vitfíring þessi, er í nánú sambandi við hinn feikna vínaustur, er á sér stað hjá öllum stéttum á Rússlandi.

Svenskur herforingi er athugaði stríðið í nánd segir um það:

»Rússneska blóðið er litaði vellina í stríðinu var eitrad með áfengi«.

Og allir sérfræðingar í hermálum er minnst þess, eru sammála um, að drykkjuskapur Rússa hafi verið stærsta og mesta ástæðan til hins mikla ósigur þeirra.

Bindindishreyfing er þar lítil, hefir fyrst byrjað ofurlítið síðustu ár, en að mestu sofnað í stríðinu. Og Regluna hefir keisarin bannað sökum þess, að hún er leynefílag, eða hefir leynda síði.

## Nær og fjær.

**Strandasýslu** (miðri) 5. ág. 1906. Mér er sönn ánægja að því, að geta flutt „Templar“ að þessu sinni merk og góð tíðindi héðan úr sýslu, gleðileg öllum hinum mörgu, sem bindindi unna. Tíðindin eru þau, að Góðtemplarsreglan hefir loks náð fótfestu hér í sýslu og henni fastrí og tryggri að minni von og hyggju. Annars hefir Strandasýsla hingað til verið hin eina sýsla landsins, þar sem Reglan hefir enga stúku átt og Bakkus gamli setið að völdum nokkurn veginn óáreyttur og einvaldur frá ómunatíð, eða að minsta kosti, þó eitthvað lítilfjörlega hafi verið bekt til við hann, þá hefir hann staðið uppi jafnréttur og engan merkjanlegan bilbug látið á sér finna fyrir en nú, að hann hefir verið sári særður, höndar- eða mergundarsári því, sem fleiri skyldu á eftir fara, og hann til dauða draga áður langt.